1681

Fimmtudaginn 30. september 1993.

Nr. 277/1990. **Dánarbú Svövu Jóhannesdóttur,**
Guðmundur Guðmundsson og
Sigrún Guðmundsdóttir
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Magnúsi R. Þórarinssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Áskorunarmál. Víxilmál. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní sama ár, krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda. Þeir krefjast þess og, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar síðargreindrar áritunar á áskorunarstefnu um aðfararhæfi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál af stefnda og þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní 1989 gegn eigendum Sunnutorgs sf., þeim Svövu Jóhannesdóttur, Sunnuvegi 27, Reykjavík, og Sigrúnu Guðmundsdóttur, sama stað, að fjárhæð 756.540, auk dráttarvaxta. Í stefnu segir m.a.: „Skuld þessi er samkv. fimm framlögðum víxlum, að fjárhæð alls kr. 756.540. Víxill, útg. 1. 12. 1986 með gjalddaga 24. 1. 1987, kr. 120.000; í Landsb. Ísl. Víxill útg. 25. 11. 1986 með gjalddaga 25. 1. 1987, kr. 260.000; í Samvb. Ísl. Víxill, útg. 25. 11. 1986 með gjalddaga 1. 2. 1987, kr. 126.540; í Samvb. Ísl. Víxill útg. 10. 12. 1986 með gjalddaga 10. 2. 1987, kr. 125.000; í Landsb. Ísl. Víxill útg. 15. 12. 1986 með gjalddaga 20. 2. 1987, kr. 125.000; í Landsb. Ísl. Allir eru víxlarnir útg. af stefnanda, Magnúsi Þórarinssyni, og samþ. til greiðslu af Kristni Bjarnasyni f. h. Sunnutorgs sf. Víxlarnir eru allir áritaðir „án afsagnar". Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og er málshöfðun því nauðsynleg."

Af hálfu áfrýjenda var sótt þing, og fékk umboðsmaður þeirra frest til greinargerðar til 5. september 1989. Þann dag mætti annar lögmaður af hálfu áfrýjenda og fékk frest til greinargerðar til 19. september. Þann dag var enn mætt af hálfu áfrýjenda og fenginn frestur til greinargerðar til 3. október og aftur til 10. október. Að þeim fresti liðnum var ekki sótt þing af hálfu áfrýjenda. Tók dómari þá málið til áritunar eftir kröfu stefnda. Málið var því næst áritað um aðfararhæfi 2. janúar 1990 með svofelldri áritun: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 75.000.- í málskostnað eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga. Við ákvörðun málskostnaðar var höfð hliðsjón af bæjarþingsmáli nr. 19839 milli sömu aðila um sams konar kröfu."

Fyrir Hæstarétti halda áfrýjendur því fram, að enginn lögmanna þeirra, er sóttu þing í héraði og þar voru bókaðir mættir af hálfu áfrýjenda, hafi haft til þess umboð. Áfrýjendur hafa enga sönnun leitt að þessari staðhæfingu, og teljast lögmennirnir því hafa haft gilt umboð, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Áfrýjendur hafa borið það fyrir sig fyrir Hæstarétti, að víxlar þeir, sem um sé að ræða, hafi verið samþykktir til greiðslu af eiginmanni áfrýjandans Sigrúnar Guðmundsdóttur, Kristni Bjarnasyni, sem ekki hafi haft umboð til þess að skuldbinda firmað Sunnutorg sf.

Kröfur þær og málsástæður, er áfrýjendur bera fram í Hæstarétti, var þeim í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði. Verður ekki fallist á, að þeir megi koma þeim að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu áritun og dæma áfrýjendur in solidum til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það er athugavert, að áfrýjendur gátu þess í áfrýjunarstefnu 17. júlí 1990, að þeir gerðu áskilnað um nýjar kröfur, varnir, rök, málsástæður og gögn með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973, en lögðu þó engin gögn fyrir réttinn til stuðnings máli sínu fyrr en skömmu fyrir munnlegan málflutning.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun er staðfest.

Áfrýjendur, dánarbú Svövu Jóhannesdóttur, Guðmundur Guðmundsson og Sigrún Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnda, Magnúsi R. Þórarinssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.